

Fundargerð framhalds stofnfundar Brákar hses.

Árið 2022, föstudaginn 4. mars, var haldinn framhaldsstofnfundur húsnaðissjálfsseignarstofnunar sem hefur þann tilgang að stuðla að uppbyggingu leiguíbúða á landsbyggðinni utan höfuðborgarsvæðisins með því að byggja eða kaupa, eiga og hafa umsjón með rekstri og viðhaldi íbúða og veita þjónustu í almannabágu samkvæmt lögum um almennar íbúðir. Á stofnfundi sem haldinn var 23. febrúar 2022 var ákveðið að stofnunin fengi nafnið Brák hses.

Til stofnfundar voru boðaðir fulltrúar frá 31 sveitarfélagi sem svarað höfðu könnun sem Húsnaðis- og mannvirkjastofnun hafði sent til sveitarfélaga utan höfuðborgarsvæðisins og lýst þar áhuga á að gerast stofnaðilar að félaginu. Fundarmenn frá sveitarfélögum eru listaðir upp í viðauka en að auki sátu fundinn starfsmenn frá Húsnaðis- og mannvirkjastofnun og Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Fundurinn fór fram í gegnum fjarfundarbúnað og var hann tekinn upp.

Líkt og á stofnfundi var Karl Björnsson fundarstjóri og Guðjón Bragason fundarritari.

Þetta var tekið fyrir:

Dagskrá:

1. Staðfesting samþykktar fyrir Brák hses.

Rún Knútsdóttir lögfræðingur hjá HMS kynnti endanlega tillögu að samþykktum Brákar hses. Þar sem teknar hafa verið inn þær breytingar sem samþykktar voru á stofnfundi 23. febrúar 2022. Jafnframt er búið að bæta inn nöfnum þeirra sveitarfélaga sem verða stofnaðilar en þau eru 31 talsins.

Samþykktirnar voru samþykktar samhljóða, eftir ábendingu um eina innsláttarvillu, sem verður leiðrétt. Mun HMS taka að sér að afla staðfestingar sveitarfélaga á þeim til að þær unnt verði að senda þær til staðfestingar ráðuneytis.

2. Stjórnarkjör

Fyrir fundinum lá tillaga að skipan fimm aðalmanna og fimm varamanna í stjórn Brákar hses. Fundarstjóri bar fram tillögunna, sem er svohljóðandi:

Aðalmenn

1. Þórdís Sif Sigurðardóttir Borgarbyggð VL
2. Kristján Svan Kristjánsson Ísafjarðarbæ VF
3. Helgi Héðinsson Skútustaðahreppi NA
4. Snorri Styrkársson Fjarðabyggð AL
5. Ása Valdís Árnadóttir Grímsnes- og Grafningshreppi SL

Varamenn (sem eru varamenn aðalmanna í sömu röð og að ofan)

1. Kristján Sturluson Dalabyggð VL
2. Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir Húnaþingi vestra NV
3. Elías Pétursson Fjallabyggð NA
4. Matthildur Ásmundardóttir Sveitarfélaginu Hornafirði SL/AL
5. Lilja Einarsdóttir Rangárþingi eystra SL

Ekki komu fram aðrar tillögur.

Björn Sigurður Lárusson frá Langanesbyggð gerði þá almennu athugasemd við tillöguna að hann teldi vanta fulltrúa frá strandbyggðum á NA-landi.

Elías Pétursson frá Fjallabyggð gerði athugasemd við að meira samráð hefði mátt hafa um tillöguna. T.d. hafi ekki verið haft samband við sig um að taka sæti varamanns.

Einar Jónsson frá Húnavatnshreppi lýsti því sjónarmiði að óvissa væri vegna sveitarstjórnarkosninga um hvort framkvæmdastjórar sveitarfélaga yrðu áfram starfandi að loknum kosningum. Hann tók jafnframt undir ábendingu Björns Sigurðar.

Guðjón Bragason brást við framkomnum ábendingum, sem hann kvað réttmætar þótt þeir starfsmenn sem unnu að undirbúningi stjórnarkjörs hafi reynt að gæta að framangreindum sjónarmiðum eftir því sem kostur var á. Eflaust hefði þó mátt hafa meira samráð þegar unnið var úr framkomnum tilnefningum sem fram komu á stofnfundi og í kjölfar hans.

Kristján Sturluson frá Dalabyggð benti á að sú stjórn sem kosin er í dag starfi aðeins í skamman tíma, eins og fram kemur í bráðabirgðaákvæði við samþykktir félagsins.

Karl Björnsson og Jón Björn Hákonarson tóku undir að ákveðin óvissa sé alltaf í kringum kosningar en þeir sem kjörnir eru í stjórn Brákar hses. muni þó halda umboði sínu þar til ný stjórn er kjörin, óháð því hvaða breytingar verða við sveitarstjórnarkosningar í vor.

Tillaga um stjórnarkjör var borin upp til atkvæða og samþykkti yfirgnæfandi meirihluti tillöguna.

3. Næstu skref

Guðjón Bragason og Rún Knútsdóttir buðu fram þjónustu sambandsins og HMS til að undirbúa fyrsta fund stjórnar Brákar hses., þar sem m.a. verði lögð áhersla á að koma starfseminni og samstarfi við Bríeti leigufélag.

Ragnheiður Jóna frá Húnaþingi vestra bar fram spurningu um hver væru næstu skref hjá sveitarfélögum varðandi flutning íbúða sveitarfélaga yfir í nýja félagið. Rún Knútsdóttir svaraði fyrirspurninni almennt en kvað það verða verkefni framundan, í samstarfi við stjórn Brákar og ráðuneytið, að veita góðar leiðbeiningar til sveitarfélaga og mögulega einnig fyrirmyndir að skjölum sem sveitarfélög geti nýtt sér.

Að lokum þakkaði Guðjón Bragason starfsfólki HMS og þá sérstaklega Rún Knútsdóttur fyrir gott samstarf við undirbúning þessa verkefnis. Það sé mikið gleðiefni að verkefnið er komið vel af stað og nú sé brýnt að sveitarfélögin sjái árangur í framkvæmd.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 13.01.

Fundargerð ritaði
Guðjón Bragason

Fylgiskjal: Fundarmenn á framhaldsstofnfundi 4. mars 2022

Jón Páll Hreinsson, Bolungarvík
Jón Valgeirsson, Hrunamannahreppi
Ingibjörg Birna Erlingsdóttir, Reykhólahreppi
Matthildur Ásmundardóttir, Sveitarfélaginu Hornafirði
Björn Sigurður Lárusson, Langanesbyggð
Árni Eiríksson, Flóahreppi
Arnór Benónýsson, Pingeyjarsveit
Rebekka Hilmarsdóttir, Vesturbyggð
Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir, Húnaþingi vestra
Sigfús Ingi Sigfússon, Sveitarfélaginu Skagafirði
Jón G. Jónsson, Strandabyggð
Sævar Freyr Þráinsson, Akranesi
Sylvía Karen Heimisdóttir, Skeiða- og Gnúpverjahreppi
Eydís P. Indriðadóttir, Flóahreppi
Ólöf Ingunn Björnsdóttir, Sveitarfélaginu Hornafirði
Ólafur Þór Ólafsson, Tálknafirði
Björg Erlingsdóttir, Svalbarðsstrandarhreppi
Einar K. Jónsson, Húnavatnshreppi
Kristján Sturluson, Dalabyggð
Elías Pétursson, Fjallabyggð
Tryggvi Þórhallsson, Skútustaðahreppi
Lilja Einarsdóttir, Rangárþingi eystra
Smári B Kolbeinsson, Grímsnes- og Grafningshreppi
Þórdís Sif Sigurðardóttir, Borgarbyggð
Bryndís Ósk Jónsdóttir, Ísafirði
Jakob Björgvin Jakobsson, Stykkishólmi
Birgir Gunnarsson, Ísafirði
Sara Elísabet Svansdóttir, Vopnafirði
Sandra Brá Jóhannesdóttir, Skaftárhreppi
Jón B. Hákonarson, Fjarðabyggð